

43. fundur skólaneftndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. janúar 2016, kl.

13:00 á í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Jónína Magnúsdóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir í forföllum Edwards Huijbens, Haukur Orri Kristjánsson fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldrafélags, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari. Preben Jón Pétursson og Helgi Jóhannsson boðuðu forföll og varamenn komust ekki.

## Dagskrá

### 1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Lára Stefánsdóttir gerði grein fyrir samningi sem gerður hefur verið við Lifthús ses. Mikið samstarf hefur verið nú í janúar þar sem fjöldi erlendra listamanna hefur verið í Fjallabyggð og hafa þeir komið að ýmsum verkefnum í skólstarfinu nú í janúar.

### 2. Námsframboð skóla og nýir áfangar

Námsframboð skólans er mjög svipað og verið hefur. Skólameistari upplýsti að nokkrir nýir áfangar væru kenndir á önninni, t.d. saga rokksins, samstarfsáfangi um matargerð, menningu, listir og tungumál og áfangi um þjóðhætti á starfsbraut. Sá hópur nemenda sem lýkur námi á tveimur og hálfu ári stækkar.

### 3. Niðurstaða haustannar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðu haustannar. Þann 19. desember voru 11 nemendur útskrifaðir með stúdentspróf, fimm af félags- og hugvísindabraut, einn af íþrótt- og útivistarbraut, þrjú af náttúruvísindabraut, einn af kjörnámsbraut og einn með viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsbrautum. Þá hafa 108 nemendur verið útskrifaðir frá skólanum. Alls skilaði önnin 145 nemendaígildum að starfsbraut meðtalinni. Nemendaígildi án hennar voru 135 (6 fleiri en á vorönn 2015). Meðaleinkunn úr áföngum með tölueinkunn var 6,4 sem er sambærilegt við vorönn 2015. Fall í áföngum var að meðaltali 15% en brottfall var 7% sem er talsvert hærra en á vorönn 2015 (3%). Samkvæmt markmiðum skólans er stefnt að því að halda brottfalli innan 8%. Meðalnýtingarhlutfall í hópum var 72% sem er talsvert betra en áður (64% á vorönn 2015).

### 4. Innritun og upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritun og upphafi vorannar. Alls voru samþykktar 109 nýjar umsóknir en gífurleg aðsókn hefur verið í fjarnám hjá skólanum. Nemendur á skrá eru því 288 og þar af 93 í dagskóla. Aðrir eru í fjarnámi. Þessar tölur geta enn breyst. Nokkrar umræður urðu um þróun nemendafjölda í náinni framtíð.

### 5. Önnur mál

- a. *Samstarfssamningur framhaldsskóla á norðaustursvæði*  
Skólameistari gerði grein fyrir drögum að samningi sem sendur hefur verið til ráðuneytis og er afrakstur vinnu starfshóps um samstarf framhaldsskóla á norðaustursvæði. Nokkrar umræður urðu um verkefnið.
- b. *Frá nemendafélagi*  
Haukur Orri, formaður nemendafélags, sagði frá breytingum sem gerðar hafa verið á aðstöðu nemenda. Nemendur hafa nú afdrep í Syðstu þar sem settir hafa verið inn sófar, spil og fleira. Nemendur geta borðað nesti og haft þar athvarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00